
SONNY BOY

»THE SINGING FOOL«

Hljóm og talkvikmynd í 11 þáttum

Aðalhlutverk: AL JOLSON

WESTERN ELECTRIC ÁHÖLD



Islands

Sonny Boy.

»The Singing Fool«.

HLUTVERKASKRÁ:

Al Stone	Al Jolson.
Grace	Betty Bronson.
Mylly	Josephine Dunn.
John Perry . . .	Reed Howes.
Marcus	Ed Martindel.
Blackie Joe . . .	Arthur Housman.
Sonny Boy . . .	David Lee.

Al Stone var þjónn á næturgildaskála Blackie Joe. En hann hafði þar einnig önnur störf á hendi. Al var góður söngvari og á milli þess, sem hann gekk um beina, skemmti hann gestunum með alþýðusöngvum, sem hann hafði sjálfur ort og samið lög við. Var Al vinsæll mjög, enda var hann drengur góður og glaðlyndur og vísur hans og söngur fell mönnum vel í geð. Á þessum stað vann og dansmærin Molly, sem var kaldlynd og sjálfselsk. Al hafði lengi elskað hana, en í hjarta sínu leit hún niður á hann. Þarna vann og ung stúlka, Grace að nafni, fórnfús og góð í sér. Hún elskaði Al einlæglega, — Kvöld eitt var Marcus, leikhúskóngur New-York, staddur á þessum stað. Þannig atvikast það, að einmitt þetta kvöld hafði Al fengið leyfi Blackie Joe, sem átti veitingastaðinn, til að syngja kvæði, sem Al hafði samið lag við, og var hvorttveggja tileink-

að Molly. (It all depends on you). Marcus sá þegar fram á, að það væri fengur í að ráða Al til þess að syngja á skemtistöðum sínum. Þegar Molly sá hvað verða vildi sneri hún við blaðinu og var hin ljúfasta við Al, sem í blindni sinni hélt, að með söng sínum hefði hann vakið ást sína. Og Marcus ræður Al, sem setur það skilyrði, að hann ráði Molly líka. Og Marcs lætur það gott heita. — Þau fara nú þaðan og Al verður skjótt frægur söngvari og rakar saman fé. Al ber Molly á höndum sér. Hann tileinkar henni öll bestu lög sín. Al gengur að eiga Molly. Í byrjun er samlíf þeirra gott. Al verður meðeigandi að skrautlegasta næturgildaskála New-York. Molly hefir alt sem hugurinn girnist, skrautleg klæði, fagra íbúð — og þau hafa eignast ljómandi fallegan dreng. En svo var sjálfselska Molly mikil, að henni varð þetta ekki nóg, — en Al grunaði ekki neitt enn. — Kvöld eitt er Al syngur »There is a rainbow round my shoulders«, kvæði, sem hann hafði ort um hamingju sína, var Molly á leið til gildaskálans. En hún var ekki ein í bifreiðinni. Elskhugi hennar var með henni, ungur auðmaður, John Perry — »vinur« Als. — Þau eru saman um kvöldið öll þrjú. Og fyrst nú fer Al að sjá, að ekki er alt með feldu — að framkoma Molly er að breytast.

Þegar heim kemur fer Al inn í svefnherbergi Sonny Boy, augasteinsins síns, og segir honum æfintýri og syngur fyrir hann. En þegar hann hefir svæft Sonny Boy eiga þau tal saman hjónin. Al reynir að fá hana til þess að segja sér hið sanna um hvað sé að, en hún er ónug — og loks talar hann alvarlega til hennar, sakar hana um kulda, eyðslusemi, hann sé kominn í skuldir hennar vegna, — en þegar deilan stendur sem hæst kemur Sonny Boy, sem hafði vaknað. Verður því ekki meira úr deilunni. Al syngur nú fyrir litla hnokkann sinn vísuna um »Sonny Boy«, alþýðuvísu sem hann hafði sjálfur ort og samið lag við og bar vitni um hina einlægu fölskvalausu ást, sem hann bar í brjósti til litla drengsins síns.

Daginn eftir var Gamlaársdagur Og Þá um kvöldið átti Al að reyna það sem hann hafði erfiðast reynt á lífsleiðinni. Hann kemst að því laust fyrir miðnætti, að Molly hafði farið að heiman alfarinn — og tekið Sonny Boy með sér — fyrirvaralaust. Nokkru síðar fer hún til Parísar með elskhuga sínum. Al reyndi enn að kippa öllu í lag en tókst það ekki og fyrir náð fékk hann að sjá Sonny Boy örstutta stund, áður en þau fóru. En svo mikið góðmenni var hann, að hann gerði ekkert til að koma í veg fyrir, að Molly hefði drenginn. Hann ásakaði ekki Molly og hélt, að drengnum væri fyrir bestu að vera hjá móður sinni. En Al var nú brotinn og beygður. Hann gat ekki fest hugan við neitt nema ólán sitt, gat ekki sungið. Og svo lét hann reka á reiðanum upp frá því. En dag nokkurn bar hann hungraðan og auman, að gamla starfstaðnum. Og Blakkie Joe og Grace tekst að vekja lítslöngun hans. Grace átti þar mestan hlut að. Og fyrir hennar tilverknað nær hann fornri frægð aftur. Vegna Sonny Boy og Grace hefir hann hafið sig upp aftur. En dag nokkurn er hann boðaður á spítala nokkurn. Sonny Boy lá þar fyrir dauðanum. Molly er þar, en hann sér hana vart. Hann fær að taka drenginn í fang sér og syngur fyrir hann gömlu vísuna, »Sonny Boy«. Litli hnokkinn sofnar glaður. En vart var Al kominn út, nú vongóður um að Sonny Boy myndi batna, er hann heyrir Molly reka upp óp. Hann fer inn aftur og sér, að breitt hefir verið yfir höfuð Sonny Boy. Andartak ætlar Al alveg að bugast, en hann safnar öllu þreki sínu. Hann lítur á Molly, nú iðrandi, en af alvarlegu tilliti hans er ljóst, að allt er búið þeirra milli.

En lífið, starfið, kallar, jafnvel á dánardægri elskaðs sonar síns verður hann að syngja — söngínn um Sonny Boy. Minningarnar — vonirnar um endurfundi handan landamæranna hinstu — næra lífsþrek hans — og hin einlæga vináttа og ást Grace. Og við hennar hlið heldur hann lífsbaráttunni áfram með sannri karlmennsku.

Prentsmiðjan Acta.